

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Heiðurslaunasjóð Ben. S. Þórarins- 122
sonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 10. nóvbr. 1911. 10. nóv.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Heiðurslaunasjóð Ben. S. Þórarinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Heiðurslaunasjóður Ben. S. Þórarinssonar«, og er eign Háskóla Íslands samkvæmt gjafabréfi mínu, dagsettu á stofndag háskólans 17. júní 1911.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 kr. — tvö þúsund krónur — og skal ávaxta á jafn tryggilegan hátt og fé ófullveðja manna.

3. gr.

Við höfuðstólinn leggjast árlega vextir og vaxtavextir, nema þegar háskólaráðið veitir einhverjum rithöfundi heiðurslaun, heiðurspening eða því um líkt fyrir framúrskarandi ritverk í hverskyns vísindum sem eru. Eigi má þó veita að heiðurslaunum meira en þriggja ára vexti í einu.

4. gr.

Uppástungurétt um heiðurslaun hefir hver kennari háskólans, en veitingarvaldið er hjá háskólaráðinu eftir tillögum þeirrar háskóladeildar, er vísindin heyra undir.

5. gr.

Háskólaráðið hefir á hendi alla stjórn sjóðsins, semur reglugerð fyrir hann, og leitar staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 17 júlí 1911.

Ben. S. Þórarinsson.